# Skerjafjarðarlygar Reykjavíkurborgar

## 2020

Ólafur Kr. Guðmundsson



# Reykjavíkurflugvöllur - 1942



# Flugskýli 6 - 1942



# Skýli 6 í dag





Skýli 6.
Nauthólsvík
Nauthólsvegur
Öskjuhlíð
58



Nauthólsvegur
Öskjuhlíð
58
Eina leiðin með efni !!!
Nauthólsvík
Fossvogsbrú – Borgarlínan ???



Nauthólsvegur
Menntavegur
Menntavegur
Menntasveigur
Hlíðarfótur
Ylströndin
Siglunes

# Flugvöllurinn hörfar fyrir nýju hverfi með gangandi og hjólandi í forgangi



# REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR - SKIPULAGSREGLUR






## SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

C. SVÆÐI MEÐ HÆÐARTAKMÖRKUNUM (hindranafletir):

Á uppdráttum II. og III. er gerð grein fyrir hindranaflötum flugvallarins sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins. Með áhrifasvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranaflötum. Byggja hindranafletir þessir og skilgreiningar þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranaflet flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II. og III. nema að fengnu samþykki Flugmálastjórnar Íslands að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Flugmálastjórnar með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðaluppdrættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallar getur óskað eftir sérstöku áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðila flugvallarins heimilt að afgreiða málið án aðkomu Flugmálastjórnar. Flugmálastjórn skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotið slíkri afgreiðslu til úrskurðar Flugmálastjórnar.

Þar sem land stendur nú þegar upp úr hindranafleti er, þrátt fyrir framangreint heimilt, að gera ráð fyrir og reisa byggingar með hámarkshæð allt að 10m upp fyrir óhreyft land. Ef hæð lóðar er mismunandi skal miðað við óhreyft land í hæsta punkti lóðar. Gert er ráð fyrir að slík/ - ar byggingar séu hindranalýstar. Séu fleiri en ein bygging sem þannig háttar til um á sama svæði skal hæsta bygging á svæðinu vera með hindranalýsingu. Flugmálastjórn getur krafist lýsingar á fleiri byggingar telji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi. Þegar svæði sem þessi eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi á slíkum svæðum án þess að fyrir liggi skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal þó ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarins neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Flugmálastjórnar.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

**AÐFLUGSFLETIR:**
Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.400 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.

**FLUGTAKSFLETIR:**
Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0 % (1:50)

**SKÁFLETIR:**
Liggja út frá öryggissvæðum til hliðar við brautir og enda við aðflugsflöt, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að lárétta fletinum

**LÁRÉTT SVÆÐI:**
Svæði 55 m.y.s. sem nær í 4.000m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

**KEILUFLÖTUR:**
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún lárétta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.

LANDSLÖG
T.ark
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

III UPPDRÁTTUR Á NÆRSVÆÐI FLUGVALLAR MKV. 1:12.500/A1

# REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR - SKIPULAGSREGLUR






## SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

C. SVÆÐI MEÐ HÆÐARTAKMÖRKUNUM (hindranafletir):

[illegible]

**AÐFLUGSFLETIR:**
[illegible]

**FLUGTAKSFLETIR:**
[illegible]

**SKÁFLETIR:**
[illegible]

**LÁRÉTT SVÆÐI:**
[illegible]

**KEILUFLÖTUR:**
[illegible]

LANDSLÖG T.ark SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

II YFIRLITSUPPDRÁTTUR SKILGREINDRA HINDRANASVÆÐA MKV. 1:25.000/A1

# REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR - SKIPULAGSREGLUR







Skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll

Greinargerð og skilmálar

I. Greinargerð

## SKÝRINGAR /SKILMÁLAR

### SVÆÐI ÁN BYGGINGA:

**FLUGHLAÐ:**

**FLUGBRAUTIR OG AKBRAUTIR LOFTFARA ÁSAMT ÖRYGGISSVÆÐI:**

**OPIN SVÆÐI:**

(A) **ÆFINGASVÆÐI SLÖKKVILIÐS:**

### SVÆÐI MEÐ BYGGINGUM/MANNVIRKJUM :

(B) **OPINBER FLUGSTARFSEMI:**

(C) **INNANLANDS ÁÆTLUNARFLUG:**

(D) **INNANLANDS LEIGUFLUG:**

(E) **FLUTNINGAFLUG Í MILLILANDAFLUGI:**

(F) **ÞJÓNUSTA VIÐ FLUGSTARFSEMI:**

(G) **ALMANNAFLUG-EINKAFLUG:**

(H) **ALMANNAFLUG-FLUGSKÓLAR:**

(I) **ALMANNAFLUG-MILLILANDA:**

(J) **ÞYRLUFLUG:**

(K) **ELDSNEYTISBIRGÐASTÖÐ:**

(L) **FLUGSTÖÐ:**

DEILISKIPULAGSSVÆÐI

ÖRYGGISGIRÐING

VÆNTANLEG SAMGÖNGUMIÐSTÖÐ ÁSAMT FLUGHLAÐI

17. mars til 14. apríl 2009.

23. júlí 2009.

7. ágúst 2009

LANDSLÖG

T.ark

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

I STARFSEMI MKV. 1:4000/A1



G F J
A
F G
B

# Fundur 30. apríl 2020



## Fundargerð

**Dags.:** fimmtudagur 30. apríl 2020.
**Tími:** 11-11.30
**Staður:** [*Fundur haldinn með fjarfundarbúnaði* ]
**Viðstaddir:** Hörður Guðmundsson, forstjóri (HG)
Oddrún Helga Oddsdóttir, Reykjavíkurborg
Ívar Örn Ívarsson, lögfr. hjá Reykjavíkurborg (ÍÖÍ)
Hildur Þórarinsdóttir, lögm. Juris

Til fundarins var boðað af hálfu Reykjavíkurborgar með tölvupósti þann 28. apríl, en tilefni hans eru breytingar á gildandi deiluskipulagi. Fyrir liggur að fjarlægja þarf flugvélaverkstæði Ernis að óbreyttu, þ.e. flugskýli #6, vegna fyrirhugaðrar veglagningar í gegnum flugskýlið. Flugskýlið er á deiliskipulögðu svæði, en þessar breytingar á gildandi deiliskipulagi munu að óbreyttu hafa þau áhrif að byggingin fer út af reitnum.

Fundurinn hófst kl. 11.00 með því að Oddrún bauð fundarmenn velkomna og gaf ÍÖÍ orðið.

ÍÖÍ fór yfir fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi. Hann upplýsti að verið væri að breyta deiliskipulagi flugvallarins og minnka flugvallarsvæðið. Flugvallargirðingin mun verða færð þannig að flugskýlið lendir eftir breytinguna utan flugvallarsvæðisins, þar sem lóðarmörk flugallarins minnka og girðingin því færð með þessum afleiðingum. Í gegnum mitt húsið er síðan fyrirhugað að leggja veg. Oddrún og ÍÖÍ vísuðu til mynda sem sendar hefðu verið með tölvupósti fyrir fundinn.

# Þetta er sönnunin !!!



Lagt fyrir flugfélagið Erni 30. apríl 2020




**Skipulagssjá RVK – 7. júní 2020**


FLUGVALLARGEIRI 1
G
Deiliskipulagi frestað
Z
O
BORGARLAND
RÍKISLAND
FLUGVALLARGEIRI 4
FLUGVALLARGEIRI 2
FLUGVALLARGEIRI 3
BORGARLAND
R
BENSÍNST.
FLUGSKÝLI 4
T
FLUGSTÖÐ
U
P
Q
Deiliskipulagi frestað
L
N
M
FLUGSKÝLI NR.1
FLUGSKÝLI NR.2
FLUGSKÝLI NR.3
FLUGTURN
LANDHELGISGÆSLAN
J
K
NAUTHÓLSVÍK
Kýrhamar
NAUTHÓLL
I
H
F
HELGUNARSVÆÐI 80M BR. FYRIR UMFERÐARMANNVIRKI
FLUGBJÖRGUNARSVEITIN
PERLAN
NORRÆNA HÚSIÐ
NÁTTÚRUFRÆÐIHÚS HÁSKÓLA ÍSLANDS
FRAMTÍÐAR BYGGINGARSVÆÐI HÁSKÓLA ÍSLANDS
HVERFASTÖÐ GATNAMÁLASTJÓRA
HRINGBRAUT
SANDHÚS
VÉLAGEYMSLUR
FLUGSKÝLI
FLUGMINJASAFN
Gróðarhali
25
07
FYLLING STÍGUR FÆRÐUR ÚT FYRIR ÖRYGGISSVÆÐI
Fellt er úr gildi: Reykjavíkurflugvöllur uppdráttur frá 02.10.85. Breytt 12.12.85
Greinargerð er fylgdi uppdrættinum er í fullu gildi eftir því sem við á
Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 25.gr. skipulags- og byggingarlaga
nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn þann 15. júní 1999
BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

# Svo byrjar "Bútasaumurinn"




Deiliskipulag
Þessi uppdráttur er ekki tiltækur.
Leitið upplýsingar hjá skipulagsfulltrúa Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is).
Einnig má skoða skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar http://map.is/skipulag/.
Með því að smella á
kortinu er hægt að m
deiliskipulag, breytin
Tenglar
Mál í kynningu
Samþykkt mál
Öskjuhlíð
Nauthólsvegur
Menntavegur
Menntavegur
Nauthólsvegur
Nauthólsvík
Samþykkt: 6.10.1998
Heildarskipulag svæðis (PDF)
Breytingar:
Nauthólsvegur 100 (23.3.2018)
Nauthólsvík (12.7.2013)
Nauthólsvík (8.5.2013)
Nauthólsvík, lóð veitingasölu (14.12.2008)
Nauthólsvík (21.11.2008)
Nauthólsvík (6.7.2008)
Nauthólsvík, veitingaskáli (5.1.2006)
Nauthólsvík (21.1.2004)
Nauthólsvík (3.6.2003)

# BRÚ YFIR FOSSVOG, deiliskipulag




Brú yfir Fossvog í mkv. 1:1000




**Skýringarmynd:**
Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 m.s.br.




**Skýringarmynd:**
Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 m.s.br. dags. 28. mars 2018.




**Skýringarmynd:** Deiliskipulag brúar yfir Fossvog á loftmynd í mkv. 1:2000

**Skýringar**

- Sveitarfélagsmörk
- Mörk deiliskipulags
- Reykjavíkurflugvöllur – girðing
- Mörk aðliggjandi deiliskipulagssvæða
- Landfylling
- Akbraut fyrir almenningssamgöngur
- Göngu- og hjólastígar
- Leiðbeinandi staðsetning biðstöðva almenningssamgangna
- Leiðbeinandi staðsetning áningarstaða

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkurborgar 31. janúar 2019 og í bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. febrúar 2019.

Tillagan var auglýst frá 29. nóvember 2018 með athugasemdafresti til 8. janúar 2019.

Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar nr. ________ / ________ í B-deild Stjórnartíðinda ____________________ 201_.

Uppdráttur þessi er hluti deiliskipulags fyrir brú yfir Fossvog. Með uppdrætti fylgir greinargerð og skipulagsskilmálar dags. 1. október 2018, br. 21.1.2019 eftir auglýsingu. Í greinargerð er deiliskipulaginu gerð ítarlegri skil.

Breyting dags. 21. janúar 2019
Stígur Reykjavíkurmegin á og við brú einfaldaður, hlykkir og bengjur teknar út. Leiðbeinandi staðsetning biðstöðva breytt. Tengingar til vesturs inn í Skerjafjörð teknar út af deiliskipulagsuppdrætti.

**Brú yfir Fossvog**
**Deiliskipulag**

Reykjavíkurborg
Kópavogsbær

Dags.: 1. október 2018
Mælikvarði: 1:1000 @ A1
Teikning: Nr. 1/1




HLUTI AF GILDANDI DEILISKIPULAGI REYKJAVÍKURFLUGVALLAR, dags. 15. júní 1999 mkv. 1:3000




GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR, dags. 15. júní 1999 (smækkaður uppdráttur)



ÚR TILLÖGU AÐ BREYTTU AÐALSKIPULAGI

SKÝRINGAR

mörk skipulagssvæðis

B brottfellt deiliskipulag




TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS REYKJAVÍKURFLUGVALLAR, mkv. 1:2000

GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar sem var samþykkt í borgarráði 15. júní 1999.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

1. Afmörkun deiliskipulags aðlöguð deiliskipulagsmörkum tillögu að deiliskipulagsbreytingu Háskólans í Reykjavík, dags. 9.9.2016.
2. Felldur er úr gildi hluti deiliskipulagsins á horni Nauthólsvegar og Flugvallarvegar merkt **B**.
3. Kortagrunnur uppfærður m.t.t. nýrri gagnagrunna.
4. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

# Aðlögun að HR - 2017

REYKJAVÍK

KANON ARKITEKTAR

**DEILISKIPULAG**
**REYKJAVÍKURFLUGVALLAR**
**Tillaga að deiliskipulagsbreytingu**

deiliskipulagsbreyting

1:5000

15-08-00004 | 16.9.2016

# Skipulags og samgönguráð 3. júní 2020

- Liður 5. - Breyting á Aðalskipulagi.
- Sjálfstæðismenn sátu hjá og bóka harðlega.



**2. mynd. Sýn á framtíðarbyggð í Skerjafirði eins og hún var sett fram í samþykktu rammaskipulagi árið 2018 (til vinstri). Skýringarmynd úr tillögu að deiliskipulagi fyrsta áfanga uppbyggingar. Við mótun fyrsta áfanga uppbyggingar hefur verið vikið eilítið frá rammaskipulaginu.** *ASK arkitektar - Landslag - Efla - Maí 2018; ASK arkitektar 2020.*

# Bókun Sjálfstæðisflokksins 3. júní 2020

**Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:**

Það er með ólíkindum að deiliskipulagsgerð fyrir nýja byggð í Skerjafirði sé komin á fulla ferð án vitundar og án nokkurs samráðs við íbúa í Skerjafirði og að búið sé að gefa lóðarvilyrði og úthluta lóðum á svæðinu án þess að nokkuð samráð hafi verið haft við íbúasamtök Skerjafjarðar en lóðarhöfum hins vegar boðið að koma að deiliskipulagsgerðinni. Það er augljóst mál að borgarstjórnarmeirihlutinn hefur meiri áhuga á samráði við verktaka en íbúa borgarinnar. Íbúar í Skerjafirði hafa margítrekað mótmælt fyrirhugaðri byggð og bent á að hún sé ekki í samræmi við þá byggðaþróun sem fyrir er í hverfinu og aðeins ein umferðartenging við hverfið.

Verði þetta deiliskipulag að veruleika mun Skerjafjörðurinn verða stærsta botnlangabyggð landsins með hátt í 5000 íbúum með tilheyrandi umferðarþunga. Þá er með ólíkindum að deiliskipulag sé keyrt í gegn áður en fram hefur farið umhverfismat vegna landfyllingar og olíumengaðs jarðvegs á svæðinu og vegna samkomulags ríkis og borgar um að Reykjavíkurflugvöllur geti þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er fullbúinn.

Sömuleiðis liggur fyrir að fara á í gerð hverfisskipulag 2022 sem kallar á mikið samráð við íbúa varðandi skipulag hverfisins. Augljóst er að allt tal borgarstjórnarmeirihlutans um íbúalýðræði og umhverfisvernd er eingöngu til að skreyta sig með á tyllidögum.

E.L.A. – M.G. – Ó.K.G.




3. mynd. Drög að breytingartillögum á aðalskipulagi. Tillögur ná formlega til þéttbýlisuppdráttar (1:20.000) og kaflanna *Borgin við Sundin* (bls. 32-33) og *Landnotkun* (bls. 205 og bls. 209) í A-hluta greinargerðar og verður gerð nánari fyrir breytingum á skipulagsgögnum í endanlegri tillögum.

# Skipulags og samgönguráð 3. júní 2020

- Liður 6. - Breyting á Aðalskipulagi.






Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið með fyrirhugaðri stækkun til vesturs.

# Þetta er flugvallargirðingin sem á að færa nær flugbrautinni. Skerðing á Reykjavíkurflugvelli !



# Þrengir mjög að Landhelgisgæslunni. Klárlega gengið á helgunarsvæði og öryggi Reykjavíkurflugvallar. Brot á samningi frá 28. nóvember 2019.



Samtök Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Reykjavík 8. maí 2020
*Tilvísun*: 1809310/5.3.0

**Efni: Umsögn um kynningu á sameiginlegri verk- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar**

Nú er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda kynning á sameiginlegri verk- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og Reykjavíkurborgar 2010-2030. Í framangreindri verk- og matslýsingu er gert er ráð fyrir því að fyrsti áfangi Borgarlínu liggi meðfram Nauthólsvegi. Tilkoma Borgarlínunnar mun væntanlega létta verulega á þeim aukna umferðarþunga sem er á Nauthólsvegi og Flugvallarvegi, nokkuð sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar verða óneitanlega varir við.

Flugrekstur Landhelgisgæslu Íslands er gerður út frá Reykjavíkurflugvelli, en á flugvellinum er miðstöð leitar- og björgunarflugs á Íslandi og jafnframt sjúkraflugs. Rekstur flugdeildar Landhelgisgæslunnar er einnig mikilvægur hlekkur í almannavörnum á landinu. Flugskýli Landhelgisgæslunnar er frá tímum síðari heimstyrjaldarinnar og önnur starfsemi stofnunarinnar á flugvellinum er í bráðabirgðahúsnæði sem komið er til ára sinna. Landhelgisgæslan hefur nýverið fengið tvær nýlegar leiguþyrlur í sína þjónustu og fyrirhugað er að bæta einni þyrlu við flotann í stað TF-LIF sem er nú í eigu Landhelgisgæslunnar. Það er því ljóst að með tilkomu þessara þyrlna og að teknu tilliti til öryggis- og brunavarna, að komið er að endurnýjun á aðstöðu stofnunarinnar á flugvellinum. Landhelgisgæslan vill því árétta að við frekari ákvörðun um legu Borgarlínunnar á þessum stað er afar mikilvægt að haft sé tilhlýðilegt samráð við stofnunina svo að hægt sé að taka tillit til hagsmuna allra aðila. Þannig verði hægt að tryggja að flugrekstur stofnunarinnar á svæðinu skerðist ekki.

Virðingarfyllst,

Guðríður Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
ICELAND
lhg@lhg.is
www.lhg.is
354-5452000
354-5452001

# Hér voru allir orðnir týndir....

- **Ó.K.G. og V.H. Gerðu athugasemdir við að fá ekki heildarmyndina og endalaus "Bútasaumur" bæði hér, Gufunesi, við Bústaðaveg, Elliðaárdal o.fl.**

- **Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:**

  Mikilvægt er að gæta vel að umhverfismálum við ströndina vegna þessarar samgöngutengingar, en fjármögnun hennar er óljós, ekki síst þegar nú er skollin á COVID-kreppa. Gæta þarf að haft verði fullt samráð við ISAVIA við útfærslu á helgunarsvæði og hæðarpunktum. Í fyrirliggjandi tillögu er gert ráð fyrir að Fossvogsbrú nýtist eingöngu fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi. Gera verður ráð fyrir þeim möguleika í framtíðinni að fjölbreyttir ferðamátar geti nýst í þessa samgöngutengingu ef af yrði. Samflot fólksbíla kæmi því til greina sem og aðrir þeir ferðamátar sem fólk kann að nýta sér í framtíðinni.

- **Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi gagnbókun:**

  Við teljum það ekki koma til greina að opna Fossvogsbrú fyrir almennri bílaumferð.

# Hér voru allir orðnir týndir....

- **Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:**

  Aldrei er heildarmyndin sýnd. Hér er verið að færa öryggisgirðingu flugvallarins og því verið að minnka svæðið í kringum flugvöllinn sem nemur tæpum 4.500 fermetrum. Er þetta gert til að koma fyrir 270 metra langri og 15 metra breiðri brú sem áætlað er að komi yfir Fossvoginn, á að kosta 2,4 milljarða og ekkert fjármagn fyrirliggjandi. Allt í sambandi við brúnna er í uppnámi vegna ólöglegs útboðs.

  Eyðileggingin heldur áfram. Isavia varar við að helgunarsvæði aðflugsbúnaðar sé raskað og að ekki megi rjúfa hindrunarflöt flugvallarins. Flugvöllurinn er í mikilli hættu, þetta er gróf aðför að honum og öryggissjónarmiða er ekki gætt. Gert er ráð fyrir að brúin liggi frá flugbrautarenda Reykjavíkurflugvallar, vestan Nauthólsvíkur, yfir á norðausturhluta Kársnestáar en þar eru 340 metrar á milli bakka.

  Landfyllingar verða gerðar báðum megin við sitt hvorn brúarendann. Sífellt er verið að bútasauma Nauthólsvíkina og Skerjafjörðinn með nýjum og nýjum landfyllingum og passað er upp á að þær séu ekki af þeim stærðarskala að þær falli undir lög um skyldu til umhverfismats. Þetta svæði hefur að geyma mjög viðkvæmt lífríki en það er að engu haft.

# Endalaust verið að blekkja fólk og sleppa því að sýna heildarmyndina.

**Það eru óheiðarleg vinnubrögð, svo ekki sé meira sagt !!!**